

**Nd.**

**7. Frumvarp til laga**

[7. mál]

um Framkvæmdasjóð Suðurnesja.

Flm.: Gunnar Sveinsson.

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir Framkvæmdasjóður Suðurnesja.

**2. gr.**

Verkefni sjóðsins eru þessi:

- a. Að veita lán til einstaklinga og félaga á Suðurnesjum til innlendrar atvinnu-  
uppbyggingar og þá fyrst og fremst í sjávarútvegi og iðnaði.
- b. Að veita lán til framkvæmda sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

**3. gr.**

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- a. 2% af veltu Aðalverktaka og annarra verktakafyrirtækja á Keflavíkurflug-  
velli, af starfrækslu þeirra á Suðurnesjum.
- b.  $\frac{1}{3}$  af aðstöðugjöldum, sem nú eru greidd af starfsemi á Keflavíkurflugvelli  
til viðkomandi sveitarfélaga.
- c. 4% af veltu Frihafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.
- d. 2% af veltu flughafnarinnar.
- e. Vextir.

**4. gr.**

Framkvæmdasjóðurinn er sjálfstæð stofnun. Stjórn hans skal skipuð 7 mönnum, einum frá hverju sveitarfélagi á Suðurnesjum. Skulu þeir kosnir til fjögurra

ára í senn, að loknum sveitarstjórnarkosningum, af viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Stjórnin kys sér sjálf formann. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, kosnum af samtökum sveitarfélaga í Reykjanes-umdæmi.

5. gr.

Framkvæmdasjóðurinn skal ávaxtaður á Suðurnesjum. Stjórn sjóðsins skal semja við lánastofnanir á Suðurnesjum um afgreiðslu fyrir hann og um geymslu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur á hendi ákvarðanir um lánveitingar hans. Allur kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins skal greiðast af tekjum hans.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, að fengnu samþykki Seðlabanka Íslands, vexti af lánum, er veitt eru úr sjóðnum.

7. gr.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem lánstíma, umsóknir um lán úr sjóðnum, tryggingar lána svo og aðra skilmála.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

Greinargerð.

Það sem felst í því frumvarpi, sem hér er lagt fram, er í stuttu máli, að stofnaður verði sjóður til stuðnings innlendri atvinnustarfsemi á Suðurnesjum. Lagt er til, að tekjur sjóðsins séu skattur af verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli, hluti af aðstöðugjöldum sveitarfélaga á sama stað og gjald af ríkisfyrirtækjum á Keflavíkurflugvelli, sem nú eru skattfrjáls.

Á Suðurnesjum eru 7 sveitarfélög, en Suðurnes tel ég byggðina sunnan Hafnarfjarðar. Með þessum sveitarfélögum hefur á síðustu árum tekist gott samstarf um þjónustustarfsemi og framkvæmdir, er varða öll sveitarfélögin á svæðinu. Verður því að telja eðlilegt, að sveitarfélögin ráði þessum sjóði og lánveitingum úr honum, samkvæmt markmiðum hans.

Margir munu ef til vill segja, að ekki sé ástæða fyrir Suðurnesjamenn að fara fram á slíka stofnun sem hér er stungið upp á, þeir hafi flugvöllinn og varnarstöðina, og þaðan streymi fé og skatttekjur. Ástæðan fyrir þessum hugsanagangi, sem við Suðurnesjamenn verðum svo oft varir við, er sú, að fjölmargir álíta, að allt það fólk, sem vinnur á Keflavíkurflugvelli, séu Suðurnesjamenn. Svo er þó ekki. Stór hluti þess eru Reykvíkingar og aðrir aðkomumenn. Það er að visu satt og rétt, að Suðurnesjamenn hafa á margan hátt atvinnulega séð notið góðs af staðsetningu flugvallarins og varnarstöðvarinnar. Þó er það í mun minna mæli en margur heldur.

Innlent atvinnulíf og þá sérstaklega frumatvinnuvegur okkar Suðurnesjanna, útgerð og fiskvinnsla, hefur átt og á í harðri samkeppni við flugvöllinn og varnarstöðina um vinnuaflið á Suðurnesjum. Þessi samkeppni hefur að mörgu leyti skapað óeðlilegt ástand varðandi rekstur þessara atvinnuvega. Nærtækasta dæmið í þessu sambandi, sem benda má á, kemur fram í úttekt þeirri, sem nú er gerð á vegum ríkisstjórnarinnar og leitt hefur í ljós, að útgerð og fiskvinnsla er einna verst sett á Suðurnesjum á öllu landinu.

Staðreyndin er, að bæjar- og sveitarfélögin á Suðurnesjum fá óverulegar skatttekjur af þeim rekstri og umsvifum, er fram fer á Keflavíkurflugvelli. Á s.l. ári munu tekjur þessar hafa numið milli 10 og 12 milljóna króna í aðstöðugjöldum til allra sveitarfélaganna, en mjög misjafnlega mikið til hvers þeirra eftir því,

hvar fyrirtækin voru staðsett á flugvellingum. Sveitarfélögin eru því ekki undir það búin að hafa forustu um eðlilega innlenda atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum við núverandi aðstæður. Verður því að telja fullkomlega eðlilegt, að sú stóriðja, ef segja má svo um þá starfrækslu, er fram fer á Keflavíkurflugvelli, leggi meira af mörkum til Suðurnesja-samfélagsins í heild en nú er, bæði að því er varðar þjónustu og uppbyggingu atvinnuvega.

Allir flokkar hafa lýst því yfir, að hér eigi ekki að vera her á friðartímum. Menn greinir aftur á móti á um, hvenær þeir tímar séu. Vonandi eru þeir ekki langt undan. Suðurnesjamenn geta hvorki né eiga að treysta á, að varnarstöð verði einhver afgerandi liður í atvinnuuppbyggingu þeirra, heldur verða þeir að treysta á innlendan atvinnurekstur í framtíðinni eins og hingað til. En því aðeins verður það hægt, að undirstöðuatvinnuvegirinnir verði ekki afskiptir með uppbyggingu og framfarir og þeir verði ekki látnir grotna niður eða kaffærðir í óraunhæfum framkvæmdum erlendra aðila. Við verðum að gera okkur ljóst, að aðstæður, bæði hér og erlendis, geta breyst á mjög skömmum tíma, og við því verðum við að vera viðbúinir.

Við minnumst þess, að þegar Síldarverksmiðjur ríkisins voru staðsettar á Siglufirði, en þær voru raunverulega fyrsta stóriðja á Íslandi, voru þær að mestu skatt- og útsvarsfrjálssar. En fljótlega sáu menn, að hér hafði verið farið rangt að. Sérstaklega sáu menn þetta eftir að síldin hvarf. Siglufjarðarbær var ekki undir það búinn að taka á sig þær breytingar í atvinnumálum, sem hvarf síldarinnar hafði í för með sér, að nokkru vegna þess, að aðalvinnutækið hafði verið skattfrjálst, og eins vegna hins, að ekki hafði verið stutt við bakið á annarri atvinnustarfsemi svo sem þurft hefði.

Lánveitingar Byggðasjóðs hafa komið mikið til umræðu í sambandi við þessi mál. Stjórn sjóðsins hefur samþykkt að veita ekki lán úr sjóðnum til svæðisins frá Akranesi til Þorlákshafnar. Telur stjórnin, að það samrýmist ekki því markmiði sjóðsins að efla jafnvægi í byggð landsins. Er það á margan hátt skiljanleg afstaða. Þrátt fyrir það höfum við Suðurnesjamenn átt mjög erfitt með að sætta okkur við þetta, enda hefur það komið sér mjög illa fyrir okkur í sambandi við endurnýjun bátáflotans. Má í því sambandi benda á, að meðalaldur báta mun hér á landi vera hæstur á Suðurnesjum, eða 16 ár. Er því endurnýjun flotans mjög brýn. Að þessu leyti eru því Suðurnesin sambærilegri við sjávarplássin úti á landi en t. d. Reykjavík. Stundum hefur beinlínis oltið á Byggðasjóði, hvort af skipa-kaupum gæti orðið á Suðurnesjum. Í slíkum tilfellum hefur verið sótt hart að sjóðnum, því að í annað hús var ekki að venda, og lánið þá fengist eftir mikla eftirgangsmuni.

Með stofnun Framkvæmdasjóðs Suðurnesja tel ég, að verið sé að koma til móts við Suðurnesjamenn í sambandi við endurnýjun fiskiskipa þeirra og uppbyggingu íslensks atvinnurekstrar, þótt það fé, sem myndast í sjóðnum árlega, sé ekki mikið. Lauslega áætlað ætti það að geta orðið um 35 millj. kr. á ári og mundi að einhverju leyti a. m. k. losa Byggðasjóð undan þeirri ásókn, sem nú er í lán hjá honum til uppbyggingar sjávarútvegs Suðurnesjasvæðisins, og stuðla að því, að Suðurnesjamenn gætu orðið sjálfum sér nógir á þessu takmarkaða sviði. Hér er um fé að ræða, er myndast á svæðinu sjálfu og tilheyrir sveitarfélögunum öllum. Því er eðlilegt, að þau ráði því sjálf.

Stór hluti af Suðurnesjamönnum er aðfluttur til Suðurnesja utan af landi. Þeir og aðrir Suðurnesjamenn gleðjast yfir þeim framförum, er þar hafa átt sér stað á undanförunum árum. Þeir fagna þeim auknu möguleikum, sem Byggðasjóður hefur til að auka framfarir og uppbyggingu á landsbyggðinni með eflingu sjóðsins, og vilja síður en svo leggja stein í götu þeirra framfara, er með því geta átt sér stað. En þeir vilja jafnframt benda á þá sérstöðu, er Suðurnesin hafa í þessu máli.

Sumir munu ef til vill líta svo á, að með stofnun þessa sjóðs sé verið að skapa þættulegt fordæmi, varhugavert geti verið að leyfa svo afmörkuðu svæði að hafa

sinn eigin framkvæmdasjóð. En því fer fjarri. Fram hafa komið hugmyndir um að byggja Byggðasjóð upp á þennan hátt, þ. e. að honum væri skipt eftir fjórðungum eða kjördæmum. Væri fyllilega athugandi, hvort sú tillaga á ekki rétt á sér.

Réttilega má benda á, að hér er ekki gert ráð fyrir neinum möguleikum til stuðnings við sjávarútveg Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, þótt þeir staðir eigi ekki möguleika á fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði, skv. reglum hans. Því er til að svara, að Reykjavíkurborg hefur þegar sinn eigin Framkvæmdasjóð, sem veitt hefur lán til togarakaupa. Hafnirðingar hafa stóriðju á sínu svæði, sem reynst hefur góður skattborgari. Virðist ekki óeðlilegt, þótt einhverju af því fjármagni verði varið til alhliða atvinnuuppbyggingar, þar á meðal í sjávarútvegi.